

Reglugjörð

41
29. apr.

um notkun öldubrjótsins í Bolungavík.

1. gr.

Öldubrjóturinn er í umsjón hreppsnefndarinnar í Hólshreppi og kýs hún mann til þess að hafa eftirlit með að reglugerð þessari sje hlýtt, og innheimta gjöld til hafnarsjóðs gegn þóknun, er hún ákveður.

2. gr.

Flutningur má ekki liggja lengur á öldubrjótnum en nauðsyn krefur og ber að hlýða nánari fyriræmum umsjónarmanns um það.

Bannað er með öllu að slægja fisk á öldubrjótnum, svo og kasta seglfestu, hausum, fiskúrgangi, eða öðru því, er valdið getur grynning, farartálma, eða óþrifum innan við hann.

3. gr.

Auk gjalds samkvæmt lögum um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði 14. nóv. 1917, skal greiða í hafnarsjóð gjöld fyrir afnot öldubrjótsins, sem hjer segir:

| | | | |
|----|------|-------|---|
| 15 | aura | fyrir | stórgríp |
| 2 | — | — | sauðkind |
| 10 | — | — | teningsmetra viðar, eða annars, sem farmgjald er greitt af eftir rúmmáli. |
| 2 | — | — | 100 kg. af kolum og fiski. |
| 2 | — | — | tunnu salts og síldar. |
| 2 | — | — | hvert stykki af öðrum flutningi. |

Minsta gjald er 10 aurar.

Innheimtumaður getur krafist þess að formaður sá, eða skipsráðandi, sem vöruna flytur, standi skil á gjaldinu. Semja má við hreppsnefndina um árgjald fyrir afnot öldubrjótsins. Gjöldin hafa lögtaksrjett.

4. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð Bolungavíkur og fer um þau, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð smkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 29. apríl 1920.

Þjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.